

16. maí 2022

Múlaþing
Skipulagsfulltrúi
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Umsögn um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028
-Íþróttasvæði utan við Dyngju á Egilsstöðum, hverfisvernd umhverfis Gálgaklett og ný gönguleið frá Fellabæ að Vök.-

Með tölvupósti dagsettum 6. maí sl. barst beiðni f.h. skipulagsfulltrúa Múlaþings um umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands um ofangreinda skipulagsvinnu. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af Eflu verkfræðistofu, dagsett 3. maí 2022.

Markmið breytingarinnar er að afmarka svæði til uppbyggingar íþrótt- og útivistaraðstöðu á Egilsstöðum, setja skilmála um hverfisvernd umhverfis Gálgaklett og skilgreina gönguleið frá Fellabæ að baðstaðnum Vök við Urriðavatn.

Fram kemur að fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting felist m.a. í því að breyting verður gerð á greinargerð og uppdráttum. Hluti af svæði T1 og hluti af svæði O1 verður skilgreint sem -íþróttasvæði á Egilsstöðum O4.

Fram kemur að til sé deiliskipulag fyrir hluta þess svæðis sem ætlað er fyrir íþróttasvæði en jafnframt kemur fram að frekari vinna við deiliskipulag sé fyrirbyggjandi. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að áhrif fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar á hljóðvist á aðliggjandi svæðum verði metin í tengslum við deiliskipulagsgerð, bæði á framkvæmdatíma sem og á rekstrartíma íþróttasvæðisins. Bent er á að í næsta nágrenni eru m.a. menntaskóli og hjúkrunarheimili og mikilvægt er að íbúar og nemendur verði fyrir sem minnstri truflun vegna hljóðvistar.

Annað ekki

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

